

Alþingi
Erindi nr. P 126/2840 Bæjarstjórinn á Akranesi
komudagur 20. 9. 2001

GG/rp
Skj. 000.2/AK5283



Iðnaðarnefnd Alþingis,
c/o Sigrún Brynja Einarssdóttir, nefndarritari,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK.

Meðfylgjandi eru athugasemdir við þingskjal nr. 1167 - 719. mál á 126. löggjafarþingi 2000-2001, Frumvarp til raforkulaga.

Athugasemdirnar eru unnar í sameiningu af Akranesveitu, Hitaveitu Suðurnesja og Orkuveitu Reykjavíkur í samstarfi við borgarlögmánn.

Akranesi, 13. sept. 2001.

Virðingarfyllst,

F.h. Akranesveitu:

A handwritten signature in cursive Icelandic script, appearing to read "Gíslason".

Gísli Gíslason, bæjarstjóri

Almennar athugsemadir

Þegar vinnu við skoðun frumvarpsins hófst kom fljótt i ljós verulegur áherslumunur um á hvern hátt standa beri að opnun raforkumarkaðar á Íslandi. Með hliðsjón af því þótti einfaldara og skýrara að endurskrifa þær greinar frumvarpsins þar sem áherslumunur er og skrifa síðan skýringar sem gera grein fyrir þeim breytingum, sem lagðar eru til.

Hér á eftir eru dregnar saman megin áherslur í tillögum fyrirtækjanna að breytingum á frumvarpinu. Nánari skýringar eru í athugasemdum við einstakar greinar.

1. Í frumvarpinu er lagt til að handhafa virkjunarleyfis er óheimilt að stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði, flutningsaðila og dreifiaðila er óheimilt að stunda vinnslu eða viðskipti með raforku eða aðra samkeppnisstarfsemi. Hér er gengið mun lengra en tilskipun Evrópusambandsins no.92/96 segir til um. Ekki verður séð að neinar þær aðstæður séu hér á landi sem krefjast þess að lengra sé gengið hvað varðar aðskilnað dreifingar, framleiðslu og sölu heldur en í öðrum löndum EES samningsins. Þvert á móti er margt sem bendir til hins gagnstæða, framleiðsla er óvenju einsleit og ekki gert ráð fyrir uppskiptingu hennar í frumvarpinu eins og gert var víðast annarstaðar þar sem svo var ástatt, fyrirtækin eru mjög lítil, starfsemi samreknu veitnanna hér frekar flókin vegna hitaveitukerfanna. Sérstaklega er krafan um aðskilnað stjórna og stjórnenda fyrirtækjunum erfið og verður til aukins kostnaðar og óhagræðis.
2. Í frumvarpinu er lagt til að skipta flutningskerfi upp í annars vegar *flutningskerfi*, þ.e. raflínur og mannvirki þeim tengd sem flytja raforku á 30 kV spennu eða hærri. Flutningskerfi skal ná frá og með afrofum fyrir stöðvarsþenna í virkjunum til og með afrofum fyrir aðveitusþenna dreifiveitna. Heimilt er að undanskilja flutningsvirki sem flytja raforku alfarið innan sama dreifiveitusvæðis enda tengjast þau ekki virkjun sem skylt er að tengjast flutningskerfinu, sbr. 1. mgr. 7. gr. og hins vegar *meginflutningskerfi*, þ.e. flutningskerfi Landsvirkjunar á 132 og 220 kV spennu eins og það er við gildistöku laganna. Þessi tilhögun er flókin og andsætt þeirri skoðun fyrirtækjanna að kostnaður við flutning að flutningskerfi eigi að liggja hjá framleiðsluaðila. Flutningskerfið á að þjóna þeim tilgangi að tryggja flutning raforku um landið og tryggja jafna aðstöðu framleiðenda og kaupenda í frjálsri samkeppni. Í tillögum að breytingum er megin hugsunin sú að skilgreindur sé lágmarks flutningshringur um landið en línur að öðru leyti hluti af virkjunum eða dreifikerfum. Í þeim tilfellum sem dreifikerfi eru ekki beint tengd við þennan hring verða þau að tengjast honum eða semja við aðra um flutninginn. Á þennan hátt er kerfið orðið einfalt, vel skilgreint og tiltölulega ódýrt í rekstri. Þar með skapast grundvöllur til að hafa eina gjaldskrá fyrir alla aðila án sérstakra ráðstafanna fyrir stóriðju.
3. Lögð er til breyting á grundvelli verðlagningar á flutningi. Nánar er gert grein fyrir tillögumnum í athugasemdum við 12. grein en m.a. er gerð tillaga um að þáttur jaðartapa í flutningsverðinu verði minnkaður og einnig að einungis innmötunaraðilar greiði jaðartöp.
4. Það er öllum ljóst að sú staða sem framleiðslan er í, þar sem Landsvirkjun hefur yfirburðastöðu á markaðnum, gengur ekki upp í frjálsri markaðsstarfsemi. Það er grundvallar atriði ef ná á markmiðum frumvarpsins að samkeppni myndist á framleiðsluhliðinni til þess að virk samkeppni verði á söluhlíðinni. Því er útilokað að nýtt frumvarp geti tekið gildi fyrr en að eigendur Landsvirkjunar og löggjafinn hafi skilgreint hlutverk framleiðandans og mótað samkeppnismarkað í framleiðslu.

5. Í ákvæði til bráðabirgða V er lagt til að allir fyrri samningar um skiptingu orkumarkaðar sem í gildu eru, falla úr gildi við gildistöku þessara laga. Þetta er nauðsynlegt með hliðsjón af þeirri staðreynd að orkufyrirtæki (t.d. Orkuveita Reykjavíkur) hafa verið bundin við samninga um kaup á raforku frá LV jafnframt því að hafa ekki heimild til að nýta eigin orkuframleiðslu inn á sinn markað.
6. Í frumvarpinu er ekki settur neinn rammi um samskipti orkusala og orkukaupanda. Lagt er til að inn í V. Kafla frumvarpsins verði bætt greinum er heimila ráðherra að setja í reglugerð ákvæði er taka á þessum samskiptum, m.a. afhendingarskyldu, heimildum og takmörkunum til stöðvunar orkuafhendingar (vanskil ofl.), aðgengi að mælingu ofl.

Hér á eftir er nánar gert grein fyrir tillögum við einstaka greinar frumvarpsins.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. grein

Lagt er til að 1. gr. hljóði eftirfarandi:

*1. gr.
Markmið.*

Markmið laga þessara er að stuðla að hagkvæmri nýtingu orkulinda og samkeppni í vinnslu og viðskiptum með raforku.

“þjóðhagsleg hagkvæmni” er óskilgreint hugtak og vafamál að sé í samræmi við tilskipun EB. Umhverfissjónarmiða og hagsmuna neytenda er gætt á öðrum vettvangi.

2. grein

Engar athugasemdir.

3. grein

Lagt er til að 7.tl. hljóði eftirfarandi:

7. Flutningskerfi: Raflínur, búnaður og mannvirki þeim tengd sem mynda lágmarks flutningshring um landið. Flutningskerfið nær til núverandi 132 kV kerfis Landsvirkjunar, hluta 220 kV kerfis Landsvirkjunar og kerfi Rarik frá Prestbakka að Sogi. Flutningskerfi skal ná til og með aflofum fyrir flutningsvirki er tengja aðra hluta raforkukerfisins við flutningskerfið.

Lagt er til að 10. tl. verði felldur niður.

Þessar breytingar á 3. gr. eru í samræmi við tillögur í III. KAFLA

II. KAFLI

Raforkuvinnsla.

4. grein

Lagt er til að 4 gr. hljóði eftirfarandi:

*4. gr.
Veiting virkjunarleyfis.*

Ráðherra gefur út leyfi til að nýta orkulindir til raforkuvinnslu og til að reisa og reka raforkuver að uppfylltum skilyrðum laga. Þó þarf ekki leyfi ráðherra vegna raforkuvera með afli sem er undir 3,5 MW. Skylt er að tilkynna Orkustofnun um raforkuvinnslu með afli undir fyrrgreindu marki ef orkan er sold eða hún sett inn á raforkukerfi.

Virkjunarleyfi fellur úr gildi fimm árum eftir veitingu þess ef leyfishafi hefur þá ekki hafið framkvæmdir og tíu árum eftir veitingu þess ef virkjun er þá ekki komin í rekstur. Áður en að þessum tímamörkum kemur getur leyfishafi sótt um endurnýjun leyfis til ráðherra.

Áður en leyfishafi hefur framkvæmdir á grundvelli leyfis þarf hann að hafa náð samkomulagi við landeigendur og eigendur orkulinda um endurgjald eða fengið heimild til eignarnáms skv. 23. gr. Hafi hvorki náðst samkomulag um endurgjaldið né eignarnáms verið

óskarinn innan 60 daga frá útgáfu leyfis fellur það niður. Ákvæði þetta á einnig við um nýtingu auðlinda í þjóðlendum.

Við veitingu virkjunarleyfa er heimilt að veita þeim sem vinna raforku úr endurnýjan legum orkulindum forgang.

1. mgr. hefur verið færð í átt að skýringum við frumvarpið. Lagt er til að ekki þurfi leyfi fyrir virkjunum að 3,5 MW og er það gert til samræmingar við 7. gr. frumvarpsins. Þá er gert ráð fyrir að gildistími leyfis verði ótímabundinn. Enginn sjáanlegur rökstuðningur er fyrir tímabundnu virkjanaleyfi en hins vegar fylgja því margskonar óhagræði og vandamál. Í 36. grein er fjallað um afturköllun leyfis. Virkjanir eru oft reistar i mörgum áföngum á grundvelli margra virkjanaleyfa.

5. grein

Lagt er til að 5 gr. hljóði eftirfarandi:

5. gr.

Skilyrði fyrir veitingu virkjunarleyfis.

Virkjunarleyfi verður aðeins veitt sjálfstæðum lög- og skattaðila. Handhafi virkjunarleyfis skal halda aðskilið bókhald vegna mismunandi rekstrarþátta.

Ráðherra getur sett skilyrði fyrir útgáfu virkjunarleyfis er lúta að því að tryggja nægilegt framboð raforku, öryggi, áreiðanleika og skilvirkni raforkukerfisins.

Leyfi fyrir vatnsaflsvirkjun getur verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur annarra vatnsaflsvirkjana og vatnsmiðlana á vatnasviðinu. Ef ekki nást samningar sker ráðherra úr ágreiningi og er úrskurður hans endanlegur á stjórnsýslustigi. Virkjunarleyfi fyrir jarðgufuvirkjun getur á sama hátt verið bundið því skilyrði að samningar takist um samrekstur með öðrum jarðgufuvirkjunum sem nýta sama jarðhitasvæði. Þá er ráðherra heimilt í virkjunarleyfi að gera fyrirvara um það að öðrum aðila kunni að verða veitt leyfi til virkjunar sem nýtir sama vatnasvið eða jarðhitasvæði. Hann skal í umsókn sinni sýna fram á að skilyrðum fyrir útgáfu leyfis sé fullnægt.

Lagt er til að fellt verði út bann við því að virkjunarleyfishafi megi stunda sérleyfisstarfsemi á orkusviði. Í frumvarpinu er gengið mun lengra en tilskipun Evrópusambandsins no.92/96 segir til um. Þá eru engar horfur á að því verði breytt i framtíðinni fyrir jafn litlar veitur og eru hér á landi. Ekki verður séð að neinar þær aðstæður séu hér á landi sem krefjast þess að lengra sé gengið hvað varðar aðskilnað dreifingar, framleiðslu og sölu heldur en í öðrum löndum EES samningsins. Þvert á móti er margt sem bendir til hins gagnstæða, framleiðsla er óvenju einsleit og ekki gert ráð fyrir uppskiptingu hennar í frumvarpinu eins og gert var víðast annarstaðar þar sem svo var ástatt, fyrirtækin eru mjög lítil, starfsemi samreknu veitnanna hér frekar flókin vegna hitaveitukerfanna. Það er mjög dýrt fyrir veiturnar að skipta sér upp með fyrirtækjaaðskilnaði, sérstaklega með þeirri stífu kröfum um stjórnarmannaaðskilnað og sjálfstæði sem gerð er. Slík uppskipti kalla á að öllum stoðdeildum verði skipt upp, svo sem kerfiráð, innheimtu, bókhaldi, tæknideildum, framkvæmdadeildum, gæðadeild osfrv. Einn kerfiráður eða innheimtukerfi kostar til dæmis hundruð milljóna og tugi milljóna í rekstri á ári. Það að þurfa að tvöfalda bakvaktarkerfi og vaktir kostar óhemju fé á hverju ári, t.d. kostar hver vakt ca. 30-40 milljónir á ári á vakteiningu. Fyrirtækjaaðskilnaður kallar á aukinn mannskap, húsnaði osfrv. sem einnig kallar á stóraukinn kostnað.

Engar sérstakar ástæður eru færðar fyrir fyrirtækjaaðskilnaði nema e.t.v. að auðveldar sé að koma í veg fyrir flutninga fjármagns frá einokunarþætti yfir í samkeppnisgrein. Sú forsenda er hins vegar misskilningur, ef eithvað er þá er einfaldara að rekja streymi peninganna þegar um eitt

upplýsingakerfi er að ræða. Bókhaldslegur aðskilnaður er því fullkomalega nægjanlegur og allavega enginn ástæða til að flýta sér um of yfir í fyrirtækjaaðskilnað.

Lagt er til að 2. og hluti 3. mgr. 5 gr. frumvarpsins verði felld niður þar sem lög um mat á umhverfisáhrifum taka til þessa og óþarfi að gera það aftur.

Lagt er til að heimildir ráðherra til að breyta virkjunarleyfum eftir útgáfu þeirra verði felldar út.

Óeðlilegt er að breyta leyfum eftirá einhliða en ráðherra er að sjálfsögðu heimilt að taka upp samninga við leyfishafa.

Lagt er til að 5. mgr. 5 gr. frumvarpsins verði felld niður þar sem lög um mat á umhverfisáhrifum taka til þessa og óþarfi að gera það aftur.

6. grein

Lagt er til að 6. gr hljóði eftifarandi:

6. gr. *Efni virkjunarleyfis.*

Í virkjunarleyfi skal m.a. tilgreina:

1. Hvenær framkvæmdir skuli hefjast í síðasta lagi og hvenær þeim skuli lokið.
2. Afmörkun virkjunarsvæðis.
3. Upplýsinga- og tilkynningarskyldu leyfishafa til Orkustofnunar, annarra opinberra eftirlitsaðila og flutningsfyrirtækis, sem nauðsynleg er til að viðkomandi aðilar geti rækt hlutverk sitt.

Heimilt er að kveða á um að virkjunarleyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi tilteknar forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

Ekki verður séð að þörf sé á að hafa 4., 5., 6. og 7. tölulið í raforkulögum þar sem tekið er til þessara þáttu í öðrum lögum svo sem skipulags og byggingarlögum, lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um rafmagnsöryggi og/eða annarstaðar í þessum lögum og því hætta á misrämi í framtíðinni.

7. grein

Lagt er til að 7. gr hljóði eftifarandi:

7. gr. *Skyldur vinnslufyrirtækja.*

Í þeim tilvikum þegar samningur skv. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr. nægir ekki til að kerfisstjóri geti stillt saman raforkupörf og raforkuframboð skulu vinnslufyrirtæki breyta vinnslu virkjana sinna eftir kröfum kerfisstjóra. Vinnslufyrirtæki skal fyrirfram semja við kerfisstjóra um greiðslu fyrir þá orku.

Felld er út skylda framleiðenda að tengja virkjun flutningskerfinu m.a. til samræmis við 1.tl. 3. mgr. 9. gr. Það hljóta almennt að vera hagsmunir virkjunaraðila að tengjast flutningskerfinu, en ef sérstakar ástæður eru til beinnar tengingar virkjunar og notanda skal það vera heimilt.

Síðasta setningin varðandi innra eftirlitskerfi falli út, enda tryggt í öðrum lögum og reglugerð.

III. KAFLI
Flutningur.

8. grein

Lagt er til að 8. gr. hljóði eftirfarandi:

8. gr.

Starfssvið og skyldur kerfisstjóra.

Kerfisstjóri sér um stýringu flutningskerfisins. Ráðherra velur kerfisstjóra til fimm ára í senn. Ef kerfisstjóri er hluti annars fyrirtækis skal hann vera með aðskilið bókhald og stjórnunarlega sjálfstæður.

Kerfisstjóri ber ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu. Í kerfisstjórnun felst m.a. að:

1. Stillar saman raforkuvinnslu og raforkupörf svo að hægt sé að mæta frávikum milli umsaminna kaupa og raforkunotkunar, sem og að gera samninga við vinnslufyrirtæki svo að hægt sé að mæta þessum frávikum.

2. Tryggja nægjanlegt framboð reiðuafls.

3. Ákvarða notkunarferla fyrir einstaka notendahópa þar sem aflmæling fer ekki fram.

4. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort fyrirtækið fullnægi skyldum sínum og til að tryggja jafnræði í við skiptum með raforku.

Kerfisstjóri skal hafa aðgang að öllum upplýsingum hjá vinnslufyrirtækjum, dreifiveitum og raforkusölum sem nauðsynlegar eru til að hann geti rækt hlutverk sitt.

Kerfisstjóri skal gæta jafnræðis við starfrækslu sína og gæta trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.

Orkustofnun skal ákvarða gjaldskrá vegna kerfisstjórnunar. Skal hún taka mið af kostnaði við kerfisstjórn og leggjast jafnt á allar kWh sem fluttar eru í kerfinu. Gjaldið skal miðast við innmötun í kerfið og greiðist af framleiðendum.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægar ekki eftirspurn ber kerfisstjóra að grípa til skömmunar raforku til dreifiveitna og notenda. Við slíka skömmun skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu út færð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi kerfisstjóra svo og á hvern hátt honum ber að stýra framleiðslu almennt.

Hér er gerð tillaga um að flutningskerfið sé skilgreint í 9. gr.

Engin sérstök rök eru fyrir því að kerfisstjóri og/eða flutningsmannvirki séu sérstakur lögaðili.

Tilskipun ES gerir ekki kröfu um það. Engar sérstakar ástæður eru færðar fyrir fyrirtækjaaðskilnaði nema e.t.v. að auðveldara sé að koma í veg fyrir flutninga fjármagns frá einokunarþætti yfir í samkeppnisgrein. Sú forsenda er hins vegar misskilningur, ef eitthvað er þá er einfaldara að rekja streymi peninganna þegar um eitt upplýsingakerfi er að ræða. Bókhaldslegur aðskilnaður er því fullkomlega nægjanlegur og allavega enginn ástæða til að flýta sér um of yfir í fyrirtækjaaðskilnað. Ekki verður séð að þörf sé á opinberum orkuspám unnum af kerfisstjóra heldur sé það hlutverk betur komið hjá Hagstofunni eða sambærilegum stofnunum sem sjá um aðrar þjóðhagsspár.

9. grein

Lagt er til að 9. gr. hljóði eftirfarandi:

9. gr.

Starfssvið og skyldur eiganda flutningskerfis.

Flutningskerfið nær til núverandi 132 kV kerfis Landsvirkjunar og hluta 220 kV kerfis Landsvirkjunar og kerfi Rarik frá Prestbakka að Sogi eins og þau er við gildistöku laga þessara. Enn fremur viðbætur eftir þann tíma á 132 kV og hærri spennu til að auka flutninga um þetta kerfi en ekki geislalínur út frá kerfinu. Flutningskerfið þjónar þeim tilgangi að tryggja flutning raforku um landið og tryggja jafna aðstöðu framleiðenda og kaupenda í frjálsri samkeppni. Flutningskerfið skal byggja upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni og áreiðanleika afhendingar.

Ef flutningskerfið er hluti annars fyrirtækis skal það rekið með aðskilið bókhald og stjórnunarlega sjálfstætt.

Í rekstri flutningskerfisins felst m.a. að:

1. Tengja alla þá sem eftir því sækjast við flutningskerfið, enda uppfylli þeir tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að flutningskerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg, rökstudd og til ákveðins tima.
2. Útvega raforku í stað þeirrar orku sem tapast í kerfinu.
3. Útvega launafl fyrir kerfið.
4. Mæla þá raforku sem er afhent og móttékinn í samræmi við reglur þar að lútandi.
5. Að viðhalda flutningsvirkjum til að tryggja öryggi og áreiðanleika flutninga um þau.

Telji kerfisstjóri að eigandi flutningsvirkis sinni ekki nauðsynlegu viðhaldi getur hann látið gera slíkar framkvæmdir á kostnað eiganda.

Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um samskipti eiganda flutningsvirkja og endurgjald fyrir þau.

Kerfisstjóri stýrir uppbyggingu flutningskerfisins og setur skilyrði á rekstraraðila þess varðandi launafl.

Í greinina er sett skilgreining á umfangi flutningskerfisins. Megin hugsunin er sí að skilgreindur sé lágmarks flutningshringur um landið en línum að öðru leyti hluti af virkjunum eða dreifikerfum. Í þeim tilfellum sem dreifikerfi eru ekki beint tengd við þennan hring verða þau að tengjast honum eða semja við aðra um flutninginn. Á þennan hátt er kerfið orðið einfalt, vel skilgreint og tiltölulega ódyrt i rekstri. Þar með skapast grundvöllur til að hafa eina gjaldskrá fyrir alla aðila án sérstakra ráðstafanna fyrir stóriðju.

Lagt er til að ekki verði gerð krafa um að flutningskerfið sjái fyrir varaafli. Bæði er óljóst hvað er átt við og það mun leiða til stóraukins kostnaðar ef flutningsaðilar þurfa að vera með uppsett varaafli fyrir allt það afl sem þeir flytja. Sérstaklega er fjallað um rafmagnsskort í öðrum greinum frumvarpsins. Í núverandi raforkukerfi er ekki fyrir hendi varaafli til þessara nota en hins vegar reiðuafl.

Hlutverki og skyldum kerfisstjóra er lagt til að verði skilgreindar í 8. gr.

10. grein

Lagt er til að 10. gr. falli brott.

Talið er að meginmál 10. greinar eigi betur heima í 9. gr. Lagt er til að einungis sé um flutningskerfi að ræða en ekki meginflutningskerfi og flutningskerfi.

11. grein

Lagt er til að 11. gr. hljóði eftirfarandi:

11. gr.
Sérstakur flutningur.

Vinnslufyrirtæki, stór söluaðili eða stórnottendur geta sótt um sérstakt leyfi ráðherra til að reisa flutningsvirki og flytja raforku beint frá virkjun til notandans, enda telji kerfisstjóri kerfið ekki anna þessum flutningum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr.

Eðlilegt er að stór söluaðili geti einnig staðið að því að reisa ný flutningsvirki og flytja raforku beint til notanda.

12. grein

Lagt er til að 12. gr. hljóði eftirfarandi:

12. gr.
Gjaldskrá.

Flutningsfyrirtæki skal setja gjaldskrá vegna þjónustu fyrirtækisins í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur mánuðum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Birta skal gjaldskrána í Lögbirtingablaðinu.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk vegna flutnings raforku út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist flutningi raforkunnar, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, leigukostnaði vegna flutningsvirkja, fjármagnskostnaði, almennum rekstrarkostnaði.
2. Arðsemi sem skal að jafnaði vera 2-4% raunávöxtun. Upphafleg arðsemiskrafa verður 2%.
3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem veitt er.
4. Komi í ljós að tekjur vegna flutnings raforku síðastliðin þrjú ár eru hærri eða lægri en ákvörðuð tekjumörk á tímabilinu, sbr. 1. tölul., eða arðsemi síðastliðinna þriggja ára er utan marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Gjaldskrá flutningskerfisins skal byggð upp á eftirfarandi hátt:

1. Skilgreina skal gjald fyrir innmötun og úttekt í hverjum tengipunkti flutningskerfisins. Sama gjald skal gilda fyrir mötun annarsvegar og úttekt hinsvegar í öllum tengipunktum flutningskerfisins. Þó skal taka tillit til jaðartapa við innmötun. Kostnaður vegna jaðartapa skal að hámarki miðast við helming kostnaðar vegna tapa í kerfinu.

2. Einstakir notendur sem tengjast flutningskerfinu skulu njóta betri kjara ef viðskipti þeirra leiða til hagkvæmari uppbyggingar og nýtingar kerfisins. Með sama hætti skulu þeir bera kostnað af því ef notkun þeirra leiðir til aukins kostnaðar.

Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála, gjaldskrá, arðsemismarkmið, kröfur um hagræðingu og hámark og lágmark jaðartapa.

Lagt er til að sá arður er reiknaður er af fjárfestingu í flutningskerfinu verði upphaflega 2% og geti hæst orðið 4%. Í tillögum er gert ráð fyrir að til flutningskerfisins teljist fyrst og fremst svokallaðar

byggðalínur. Þar sem þær eru að miklum hluta til félagsleg framkvæmd til að tryggja aðgengi að raforku um allt land og aukið öryggi á landsbyggðinni er ekki ástæða til að gera jafn háa arðsemiskröfú á það fjármagn. Hingað til hefur ekki verið gerð arðsemiskrafa til þess fjármagns sem í þessum linum er bundið þannig að arðsemiskrafan mun leiða til hækkanar flutningskostnaðar frá því sem nú er.

Gerð er tillaga um að þáttur jaðartapa í flutningsverðinu verði minnkaður. Einnig er gerð tillaga um að einungis innmötunaraðilar greiði jaðartöp. Ástæða þess er að gott getur verið að hafa merki í gjaldskránni um æskilega staðsetningu nýrra virkjana en hins vegar mun það eitt ekki hvetja menn til að flytjast á landsbyggðina þó raforkuverð verði örlið lægra þar. Hins vegar getur það ýtt undir þá þróun sem þegar er hafin að fyrirtæki flytji framleiðslueiningar sinar úr landi. Ef hafa á kostnaðarviðmið eins og jaðarkostnaðarviðmið fyrir úttekt þarf einnig að taka tillit til þess að rekstrarkostnaður einstakra hluta kerfisins er mismikill og einnig er nýtingin á fjárfestingu mismunandi eftir hlutum kerfisins. Af þeim sökum er eðlilegt að hafa einungis eitt gjald fyrir úttekt.

VI. KAFLI **Dreifing.**

13. grein

Lagt er til að 13. gr. hljóði eftirfarandi:

13. gr.

Sérleyfi til dreifingar.

Leyfi ráðherra þarf til að reisa og/eða reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur til dreifingar á viðkomandi svæði.

Mörk dreifiveitusvæða skulu skilgreind í reglugerð. Heimilt er ráðherra að breyta skilgreiningu dreifiveitusvæðis á gildistíma leyfis ef sérleyfishafar óska þess.

Þessi grein skapar ákveðnar hættur þar sem eitt hagkvæmt dreifiveitusvæði getur verið sameinað öðru síður hagkvæmu og þar með breyst allar forsendur á svæðinu. Það að minnka eða stækka svæði að mönnum forspurðum getur eyðilagt rekstrarforsendur fyrirtækja. Slik breyting getur einnig hugsanlega skapað bótaskyldu. Betra væri að bæta við greinina "ef sérleyfishafar óska þess." Með þessari viðbót er greinin í betra samræmi við skýringar með henni.

14. grein

Lagt er til að 14. gr. hljóði eftirfarandi:

14. grein

Skilyrði sérleyfis.

Dreifikerfi raforku þarf að vera bókhaldslega aðskilið frá annarri starfsemi.

Í frumvarpinu er gengið mun lengra en tilskipun Evrópusambandsins no.92/96 segir til um. Einnig eru engar horfur á að því verði breytt fyrir jafn litlar veitur og eru hér á landi. Ekki verður séð að neinar þær aðstæður séu hér á landi sem krefjast þess að lengra sé gengið hvað varðar aðskilnað dreifingar, framleiðslu og sölu heldur en í öðrum löndum Evrópusambandsins. Þvert á móti er margt sem bendir til hins gagnstæða, framleiðsla er óvenju einsleit og ekki gert ráð fyrir uppskiptingu hennar í frumvarpinu eins og gert var víðast annarstaðar þar sem svo var ástatt, fyrirtækin eru mjög lítil, starfsemi samreknu veitnanna hér frekar flókin vegna hitaveitukerfanna. Það er mjög dýrt fyrir veiturnar að skipta sér upp með fyrirtækjaaðskilnaði, sérstaklega með þeirri

stífu kröfu um stjónarmannaðskilnað og sjálfstæði sem gerð er. Slík uppskipti kalla á að öllum stoðdeildum verði skipt upp, svo sem kerfiráð, innheimtu, bókhaldi, tæknideildum, framkvæmdadeildum, gæðadeild osfrv. Einn kerfiráður eða innheimtukerfi kostar til dæmis hundruð milljóna og tugi miljóna í rekstri á ári. Það að þurfa að tvöfalda bakvaktarkerfi og vaktir kostar óhemju fé á hverju ári, t.d. kostar hver vakt ca. 30-40 milljónir á ári á vaktaeiningu. Fyrirtækjaaðskilnaður kallar á aukinn mannskap, húsnaði osfrv. sem einnig kallar stóraukinn kostnað.

Engar sérstakar ástæður eru færðar fyrir fyrirtækjaaðskilnaði nema e.t.v. að auðveldar sé að koma í veg fyrir flutninga fjármagns frá einokunarþætti yfir í samkeppnisgrein. Sú forsenda er hins vegar misskilningur, ef eitthvað er þá er einfaldara að rekja streymi peninganna þegar um eitt upplýsingakerfi er að ræða. Bókhaldslegur aðskilnaður er því fullkomalega nægjanlegur og allavega enginn ástæða til að flýta sér um of yfir í fyrirtækjaaðskilnað.

Í greininni er gerð krafa um að mismunandi dreifiveitusvæði séu aðskilin í bókhaldi. Ekki verður séð að nein ástæða sé til að gera þá kröfu í lögum heldur að hverri dreifiveitu sé í sjálfsvald sett hvort þörf sé á slíkum aðskilnaði.

Rétt er að benda á að í fjarskiptarekstri hefur löggjafinn ekki séð ástæðu til að krefjast fyrirtækjaaðskilnaðar.

Aðrir liðir 14. gr. eru ágætlega tryggðir í 15. gr.

15. grein

Lagt er til 15. gr. hljóði eftirfarandi:

15. grein

Efni sérleyfis.

Í sérleyfi skal m.a. tilgreina eftirfarandi:

1. Gildistíma leyfis ef leyfið er tímabundið.
2. Afmörkun svæðis sem sérleyfi til dreifingar nær til.
3. Skilyrði um tæknilega og fjárhagslega getu leyfishafa.

Heimilt er að kveða á um að leyfi skuli endurskoðað að tilteknum tíma liðnum, enda hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

Ekki verður séð að þörf sé á að hafa 3., 4., 6. og 7. tölulið í raforkulögum þar sem tekið er til þessara þátta í öðrum lögum og/eða annarstaðar í þessum lögum og því hætta á misrämi í framtíðinni.

16. grein

Lagt er til 16. gr. hljóði eftirfarandi:

16. grein

Starfsvið og skyldur dreifiveitna.

Dreifiveitur annast dreifingu raforku á dreifiveitusvæði sínu. Þær skulu viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku.

Dreifiveitum er m.a. skylt að:

1. Tengja alla þá notendur sem eftir því sækjast við dreifikerfið, enda uppfylli þeir

tæknileg skilyrði fyrir því og greiði tengigjald. Þó er heimilt að synja nýjum aðilum um aðgang að kerfinu á grundvelli sjónarmiða um flutningsgetu, öryggi og gæði kerfisins. Synjun skal vera skrifleg, rökstudd og til ákveðins tíma. Dreifiveitum er heimilt að grípa til sérsamninga við viðskiptavini sem eru óhefðbundnir.

2. Útvega rafmagn í stað þeirrar orku sem tapast í kerfinu.
3. Mæla eða láta mæla þá raforku sem þær afhenda eða taka við í samræmi við reglur þar að lútandi. Flutningsfyrirtækið skal hafa aðgang að mælingum.
4. Veita stjórnvöldum, viðskiptavinum og almenningi upplýsingar sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort þær fullnægi skyldum sínum.
5. Gaeta trúnaðar um upplýsingar er varða viðskiptahagsmuni notenda og aðrar þær upplýsingar sem sanngjarnit er og eðlilegt að leynt fari.

Dreifiveitur geta krafist þess að notkun einstakra notenda sé aflmæld. Notendur geta farið fram á aflmælingu, enda greiði þeir kostnað af henni.

Ef ófyrirséð og óviðráðanleg atvik valda því að framboð raforku fullnægir ekki eftirspurn á dreifiveitusvæði ber viðkomandi dreifiveitu að grípa til skömmtnar raforku til notenda. Við súlika skömmtnar skal gæta jafnræðis og byggja á málefnalegum sjónarmiðum sem nánar skulu útfærð í reglugerð.

Ráðherra skal í reglugerð setja nánari ákvæði um hlutverk og starfsemi dreifiveitna.

Lag er til að við fyrstu mgr. bætist "gæða raforku".

Lagt er til að fyrsta tölulið sé sleppt, óeðlilegt er að krefjast sama afhendingaröryggis, gæða og verðs hjá jaðarviðskiptavinum sem geta þess vegna verið staðsettir uppi á fjallstoppi og skapað óeðlilega mikinn kostnað. Eðlilegt er að dreifiveitur hafi möguleika á að gera sérsamninga við viðskiptavini sem eru afbrigðilegir.

Lagt er til að við annan tölulið bætist "Dreifiveitum er heimilt að grípa til sérsamninga við viðskiptavini sem eru óhefðbundnir."

Lagt er til að þriðja tölulið sé sleppt. Það að krefjast varaafsstöðva í hverju húsi á dreifiveitusvæðinu er fáranlegt. Það að ætla dreifikerfinu að sjá fyrir varaafli er einnig undarlegt og ekki hefðbundið hlutverk þess.

Lagt er til að fimmta tölulið sé sleppt. Óeðlilegt er að velta kostnaði við einstaka launaflsfreka viðskiptavini yfir á dreifikerfið en eðlilegt að þeir beri það sjálfrir eins og þeir gera í dag.

Í 6. tl. er rangt farið með í skýringunum að mælar séu almennt í eigu dreifiveitnanna. Meirihluti mæla er í dag ekki í eigu dreifiveitna.

Lagt er til að sjöunda tl. sé sleppt. Krafa um öryggisstjórnunarkerfi er gerð í lögum um rafmagnsöryggi, krafa um bókhald, vinnuöryggi osrv. í örðum lögum. Ekki er ástæða til að endurtaka sömu kröfur í þessum lögum, hætta er á misräemi í framtíðinni.

17. grein.

Lagt er til að 17. grein hljóði svo:

17. gr.
Gjaldskrá.

Gjaldskrá vegna dreifingu skal setja í samræmi við tekjumörk sem Orkustofnun ákveður, sbr. 2. mgr., og kröfur um uppbyggingu gjaldskrárinnar, sbr. 3. mgr. Tveimur vikum áður en gjaldskráin á að taka gildi skal hún send Orkustofnun. Birta skal gjaldskrána opinberlega í Lögbirtingablaðinu.

Orkustofnun skal árlega ákveða tekjumörk vegna dreifikerfisins út frá eftirfarandi viðmiðum:

1. Kostnaði sem tengist starfsemi þess, þ.m.t. kostnaði vegna viðhalds, afskrifta á nauðsynlegum eignum til reksturs kerfisins, fjár magnskostnaði, aimennum rekstrarkostnaði og kostnaði við kerfisstjórnun.

2. Arðsemi sem skal að jafnaði vera milli 2 og 15% raunávöxtun. Upphafleg arðsemiskrafa skal að hámarki jafngilda meðalraunávöxtun ríkisskuldabréfa síðustu fimm ár.

3. Hagræðingarkröfu sem skal taka mið af eðlilegum kostnaði samkvæmt mati Orkustofnunar. Hagræðingarkrafa Orkustofnunar skal gerð á 5 ára fresti.

4. Komi í ljós að tekjur fyrirtækisins síðastliðin þrjú ár eru hærrí eða lægri en ákvörðuð tekjumörk á tímabilinu, sbr. 1. tölul., eða arðsemi síðastliðinna þriggja ára er utan marka sem fram koma í 2. tölul. skal taka tillit til þess við gerð gjaldskrár á næsta ári.

Standi væntanlegar tekjur vegna nýs viðskiptavinar ekki undir eðlilegum stofn- eða rekstrarkostnaði er heimilt að krefja hann um greiðslu viðbótarkostnaðar. Sama á við hafi forsendur viðskipta breyst verulega.

Í reglugerð skal setja frekari ákvæði um viðskiptaskilmála, gjaldskrá, arðsemismarkmið og kröfur um hagræðingu.

Greinin er óþarflega stutt og óljós og skírskotun til 12. gr. ófullnægjandi. Því er lagt til að skýrar sé kveðið að orði.

V. KAFLI
Raforkuviðskipti.

18. grein.

Lagt er til að 18. grein hljóði svo:

18. gr.
Leyfi til að stunda raforkuviðskipti

Leyfi ráðherra þarf til þess að stunda raforkuviðskipti. Slíkt leyfi felur hvorti í sér sérleyfi né önnur sérréttindi til handa leyfishafa.

Uppfylla verður eftirfarandi skilyrði fyrir útgáfu leyfis:

1. Leyfi verður einungis veitt sjálfstæðum lög- og skattaðilum.

2. Framkvæmdastjóri og/eða stjórnarmenn skulu vera lögráða, hafa ófiekkað mannorð, vera fjár síns ráðandi og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnu rekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld.

Iðnaðarráðuneytið skal halda skrá yfir þá sem leyfi hafa til raforkuviðskipta.

Lagt er til að leyfið verði ótímabundið og felld niður setningin "Leyfi skal veitt til fimm ára í senn." Skýrar heimildir eru fyrir eftirlitsstofnanir til að afturkalla leyfi ef ekki er staðið við skilmála, sbr. 36 gr. Óþarfi er að skapa þau vandræði og auknu áhættu sem felst í endurnýjun á 5 ára fresti.

Lagt er til að 2 tl. verði felldur út þar sem ekki verður krafist aðskilnaðar fyrirtækja.

Lagt er til að 3. greinin verði felld niður. Ekki verður séð að hún uppfylli anda tilskipunar Evrópusambandsins no.92/96.

Ekki er gerð athugasemd við skilgreindar kröfur til framkvæmdastjóra leyfishafa raforkuviðskipta en það vekur athygli að einungis eru settar fram þessar kröfur um raforkuviðskipti en ekki framleiðslu, flutning og dreifingu. Lagt er til að ákvæðið verði fellt út.

19. grein.

Lagt er til að 19. grein hljóði svo:

19. gr.
Skyldur sölufyrirtækja.

Sölufyrirtæki er m.a. skylt að:

1. Útvega þá raforku sem er nauðsynleg til að unnt sé að standa við orkusölusamninga.
2. Söluaðili ber ábyrgð á raforkuviðskiptum og tilkynningu þeirra til dreifiaðila og flutningsaðila.
3. Veita stjórnvöldum upplýsingar um starfsemina sem nauðsynlegar eru við mat á því hvort það fullnægi skyldum sínum.
4. Greiða flutningsfyrirtækinu kostnað sem hlýst af frávikum, sbr. 1. tölul. 3. mgr. 9. gr., auk hæfilegrar umsýsluþóknunar.

Dreifiveitu er skylt að selja raforku öllum þeim er þess óska á dreifiveitusvæði hennar.

Lagt er til að 2. tl. verði breytt. Óþarfi er að skylda söluaðila til að gera skriflega samninga. Slíkt mun auka kostnað og virka samkeppnishamlandi. Hverjum söluaðila ætti að vera í sjálfsvald sett hvort hann telur þörf á skriflegum samningum.

Lagt er til að 5 tl. verði felldur niður.

Lagt til að á dreifiveitur verði lögð sú skylda að selja raforku öllum þeim er þess óska á dreifiveitusvæði hennar. Sú staða getur komið upp að allir aðilar aðrir sem stunda raforkuviðskipti hafni orkusölu til ákv. viðskiptavinar og er dreifiveitu þá skylt að selja viðkomandi skv. sérstökum samningi. Nánari reglur um slík viðskipti þarf að skilgreina í reglugerð.

20. grein.

Lagt er til að 20. grein hljóði svo:

20. gr.
Orkusölusamningar.

Óheimilt er að semja um lengri uppsagnarfrest en 3 mánuði við kaupendur sem árlega nota minna en 0,5 GWst.

Áður en breytt er um söluaðila skal hafa farið fram álestur. Ekki er hægt að breyta um söluaðila nema gengið hafi verið frá uppgjöri við fyrri söluaðila.

Nánari reglur um samskipti dreifiveitna, söluaðila og viðskiptavinar skulu settar í reglugerð.

Lagt er til að greinin fjalli um samskipti seljanda og kaupenda frekar en orkusölusamninga. Viðskiptavinir sem nota árlega meira en 0,5 GWst eru orðnir af þeirri stærð að ætla verði að þeir hafi getu til að gera sjálfstæða samninga og ekki þurfi sérstaklega að festa skilmála í lögum. Það getur skapað óeðilegan kostnað í kerfinu ef einstakir viðskiptavinir geta hlaupist frá skuldum með því að skipta reglulega um söluaðila. Slikt mun hafa almenna hækjun í för með sér.

VI KAFLI
Skyldur landeigenda. Eignarnáms- og bótaákvæði.

21. grein

Engar athugasemdir.

22. grein

Engar athugasemdir.

23. grein

Engar athugasemdir.

VII KAFLI
Eftirlit og úrræði.

24., 25. og 26 grein.

Í greinum 24 til 26 er verið að leggja til að búinn verði til nýr eftirlitsaðili hjá Orkustofnun sem ekki eru færð sérstök rök fyrir að þurfi að vera. Engar sérstakar ástæður eru færðar fyrir því að það þurfi sérstaka stofnun til að hafa eftirlit með orkufyrirtækjum. Því er lagt til að 24 gr. til og með 26. grein og 30. grein verði endurskoðaðar og Samkeppnisstofnun hafi eftirlit með viðskiptalegum þáttum orkufyrirtækjanna en Löggildingarstofa með tæknilegum þáttum til samræmis við aðrar atvinnugreinar.

27. grein

Engar athugasemdir.

28. grein

Lagt er til að 28. grein hljóði svo:

28. gr.
Eftirlit Löggildingarstofu.

Löggildingarstofa skal hafa eftirlit með starfsemi orkufyrirtækja á grundvelli laga um raforkuvirki og mál, vog og faggildingu.

Fullnægjandi er að vísa til laga um raforkuvikri.

29. grein
Engar athugasemdir.

30. grein
Engar athugasemdir.

31. grein.
Lagt er til að greinin verði endursamin með hliðsjón af raunverulegum kostnaði sem ríkissjóður sannanlega verður fyrir vegna nauðsynlegs eftirlits. Óeðlilegt er að um fastan skatt sé að ræða sem ekki er tengdur raunverulegum tilkostnaði við eftirlitið.

VIII KAFLI
Almenn ákvæði um leyfisveitingar.

32. grein
Engar athugasemdir.

33. grein
Engar athugasemdir.

34. grein
Engar athugasemdir.

35. grein
Engar athugasemdir.

36. grein
Engar athugasemdir.

IX. KAFLI
Ýmis ákvæði.

37. grein
Engar athugasemdir.

38. grein
Engar athugasemdir.

39. grein
Engar athugasemdir.

40. grein
Engar athugasemdir.

41. grein
Engar athugasemdir.

42. grein
Engar athugasemdir.

43. grein
Engar athugasemdir.

44. grein
Engar athugasemdir.

45. grein
Engar athugasemdir.

Ákvæði til bráðabirgða

Ákvæði til bráðabirgða I-III.
Engar athugasemdir

Ákvæði til bráðabirgða IV

Fyrri hluti ákvæðisins er óþarfur þar sem í tillögunum er ekki gert ráð fyrir uppskiptingu fyrtækjanna.

Síðari hluti ákvæðisins er marklaus ef skilgreining á lámarkskaupum (5GWst) er sett fram eins og í athugasemdum með greininni. Strax á fyrsta degi gildistöku laganna geta aðilar sameinast um orkukaup, innan sama dreifisvæðis eða á öllu landinu, þannig að þeir nái lámarkinu. Nauðsynlegt er að þrengja skilgreininguna niður á einstaka tengingu (heimtaug) ef ákvæðið á að hafa einhverja þýðingu.

Ákvæði til bráðabirgða V
Lagt er til að ákvæði V hljóði eftirfarandi:

Ákvæði til bráðabirgða V.

Allir fyrri samningar um skiptingu orkumarkaðar sem í gildu eru, falla úr gildi við gildistöku laga þessara.

Þetta ákvæði er nauðsynlegt að hafa inni þannig að orkufyrirtæki séu ekki bundin af fyrri samningum um skuldbundin orkukaup við gildistöku laganna sem eru bein hindrun þess að megin markmið laganna náist sbr. 1 gr.

Flutningskerfið 2002

